

Ágætu hátíðargestir.

Ég ætla að byrja á því að leyfa mér að fullyrða að Jónshús sé **einstakt**. Hvergi annars staðar þar sem Íslendingar eru búsettir erlendis er að finna neitt í líkingu við Jónshús. Ég vil líka fullyrða að félags- og menningarmiðstöð sem þessi væri ekki til hér í Kaupmannahöfn ef ekki hefði komið til höfðingleg gjöf Carls Sæmundsens og konu hans Johanne.

Pó Carl Sæmundsen væri borinn og barnfæddur á Íslandi bjó hann og starfaði mestan hluta ævi sinnar í Kaupmannahöfn. Hann mun snemma hafa sett sér það markmið að eignast það hús sem Íslendingar hafa ætíð kallað Jónshús. Ætlun hans var að gefa það íslenskri þjóð til eignar í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur sem bjuggu í íbúðinni á 3. hæð þess frá 1852 til æviloka 1879. Húsið var nýbyggt þegar þau fluttu þar inn.

Mál æxluðust þannig að það kom í hlut Alþingis að vera handhafi þessarar gjafar Carls og mun þar hafa ráðið miklu um að Jón Sigurðsson var þingmaður allan þann tíma sem hann bjó í húsinu.

Þegar Carl tilkynnti um gjöfina á áttatíu ára afmælisdegi sínum 14. febrúar 1966 hafði hann gengið svo frá málum að eignin var skuldlaus. En þó að Alþingi fengi húsið til formlegra umráða 17. júní það ár áttu eftir að líða nokkur ár þar til hægt var að taka húsið í notkun því það voru nokkur ljón á veginum.

Þar er fyrst að nefna að allar íbúðir í húsinu voru enn í leigu og það tók nokkurn tíma að losa um leigusamninga, enda voru dönsk lög um leiguhúsnaði mjög ströng og óheimilt að segja leigjenda upp nema honum væri útveguð önnur íbúð jafngóð og með samsvarandi leiguskiðum. Vegna húsnaðisskorts í Kaupmannahöfn á þessum tíma var einnig bannað að taka íbúðarhúsnaði til annarra nota, nema með sérstöku leyfi borgaryfirvalda. Og væri slíkt leyfi veitt var sá sem það fékk skyldugur til þess að sjá um að jafnmargar nýjar íbúðir væru gerðar og þær sem teknar væru úr notkun. Af þessum tveimur ástæðum var ljóst þegar í upphafi, að ekki mundi auðvelt að losa húsið úr leigu og taka það til annarra nota. Sendiherra Íslands, Gunnari Thoroddsen, tókst hins vegar með lagni og með aðstoð velviljaðra Dana að leysa vandann. Leyfi fékkst til þess að

taka húsið til sérstakra nota í Íslands þágu sem „Íslands Kulturhus“. Öllum leigjendum var síðan með aðstoð danskra stjórnvalda útvegað annað íbúðarhúsnæði. Síðasti leigjandinn fór úr húsinu sumarið 1969 og þá var hægt að hefjast handa við að taka það í notkun.

Við þessa frásögn má bæta að enn þann dag í dag eru strangar reglur um þetta efni í gildi og þurfti því að fá sérstakt leyfi árið 2014 til að breyta íbúð umsjónarmanns á 4. hæðinni í fræðimannsíbúð þegar þeim var fjölgað úr einni í tvær, enda fræðimannsíbúð ekki skilgreind sem íbúð fólks með fasta búsetu. Það leyfi fékkst þó því að þurrkloftið á 5. hæðinni var gert að íbúð með fasta búsetu umsjónarmanns sem þýddi að ekki fækkaði íbúðum í henni Kaupmannahöfn.

Þegar Jónshúss hafði fengið stöðu sína viðurkennda í borgarskipulagi Kaupmannahafnar gat Alþingi farið að taka ákvörðun um framtíðarnotkun hússins. Forusta Alþingis tók ákvörðun um að hluti Jónhúss skyldi nýttur fyrir félagsstarfsemi Íslendinga í Kaupmannahöfn og kom með því til móts við eindregnar óskir Íslendinga í borginni. Í því skyni þurfti m.a. að taka niður veggi á 1. hæð og útbúa samkomusal. Þótt Carl Sæmundsen hefði látið endurbæta margt meðan hann var eigandi hússins var mikil þörf endurbóta og viðgerða á gluggum, þaki, rafmagns-, vatns- og skolplögnum og ýmsu öðru. **Konunglegur byggingareftirlitsmaður** var fenginn til að gera úttekt á húsinu. Niðurstaða hans var að það mundi kosta allt að einni milljón danskra króna að koma húsinu í það horf sem hentaði fyrirhugaðri notkun þess. Kostnaðarupphæðin lætur nærri því að vera hátt í 8 milljónir danskra króna í dag.

Nú voru góð ráð dýr. Fjárhagur íslenska ríkisins var ekki blómlegur eftir síldarhrunið og í reynd hafði ríkissjóður ekki efni á að ráðast í framkvæmdir í Jónshúsi. En þá kom hinn úrræðagóði sendiherra aftur til sögunnar og ákvað að kanna lánsmöguleika í Danmörku. Sendiráðið hafði í mörg ár haft viðskipti við traustan og vel metinn sparisjóð, **Sparekassen Sjælland**, og reyndist sparisjóðurinn fús að veita lán fyrir allri fjárhæðinni. Alþingi samþykkti síðan með lögum heimild til handa ríkisstjórn til að lánið yrði tekið. Öllum framkvæmdum lauk á innan við ári og húsið var tekið í notkun laugardaginn 12. september 1970 að viðstöddu miklu fjölmenni.

Þegar Jónshús var tekið í notkun fyrir rúmum 50 árum var áherslan í starfsemi þess strax á þrjú meginhlutverk sem enn í dag eru kjarninn í starfsemi þess. Þar er fyrst að nefna að halda minningu Jóns og Ingibjargar á lofti. Í dag er það gert með endurgerðri íbúð þeirra á 3. hæð sem veitir okkur fróðlega og skemmtilega innsýn í það hvernig þau bjuggu hér í Kaupmannahöfn. Þá var einnig strax ákveðið að útbúa íbúð fyrir íslenska fræðimenn á 2. hæðinni sem þyrftu að dvelja við gagnaöflun í Kaupmannahöfn og hafa sumir fræðimenn boðið upp á fyrirlestra og kynningar á sínu fræðasviði, löndum á Hafnarslóð til fræðslu og kynningar. En síðast og ekki síst var ákveðið að þriðji hornsteinn starfseminnar yrði aðstaða fyrir félagsstarfsemi Íslendinga í Kaupmannahöfn. Sá þáttur í starfseminni skipti eðlilega einna mestu máli fyrir Íslendinga í borginni. Fyrir þann tíma var það verulegt vandamál að leigja húsnæði fyrir félagsstarfsemi og viðburði, en með Jónshúsi stórbatnaði aðstaða Íslendinga til félagsstarfa og það komst á ákveðin festa í félagslífinu. Húsið hér við Austurvegg varð því strax lyftistöng fyrir félagsstarfsemi Íslendinga á Kaupmannahafnarsvæðinu.

Það væri of mikið mál að ætla sér að telja upp alla þá starfsemi sem farið hefur fram hér í Jónshúsi en ég minni bara á tónlistaviðburði, myndlistasýningar, bókmenntakvöld, kórastarf, íslenskukennslu, AA-fundina, heldri borgara fundina, giftingar, skírnir og ótal margt fleira sem sýnir hversu víðfeðmu hlutverki Jónshús hefur þjónað í félags- og menningarstarfi Íslendinga. Þau veggspjöld sem sett hafa verið upp í Jónshúsi í tilefni afmælisins gefa okkur smá innsýn í þessa sögu hússins og starfsemina hér á umliðnum fimmtíu árum fyrir utan allan þann sögulega fróðleik sem settur hefur verið á vef Jónshúss af sama tilefni.

Mikil gróska hefur verið í félagsstarfinu þessi 50 ár en auðvitað breytingum háð hvað helst hefur einkennt starfsemina hverju sinni. Umhverfi og aðstæður breytast og tíðarandi með, allt þarf að þróast og einnig starfsemi eins og í Jónshúsi og það hefur hún gert. En eitt hefur allan þennan tíma verið fastur punktur í tilverunni: **Jónshús var alltaf á sínum stað**. Hér var afdrep þegar á þurfti að halda. Þess vegna er tilvist Jónshúss svo mikilvæg. Og ég hlýt að láta það eftir mér, með sérstakri vísan til þess mikla gildis sem tilvist Jónshúss í 50 ár hefur haft og hefur enn, að nefna að huga ætti að því víðar þar sem eru fjölmenn

samfélög Íslendinga erlendis að koma upp fleiri slíkum menningarmiðstöðvum eða vísum að þeim.

Ég get nefnt persónulega reynslu, að vísu frá annarri öld og öðrum aðstæðum en í dag, en af því að koma til Kaupmannahafnar löngu fyrir daga alnetsins eftir langa veru að heiman og þá var farið beint í Jónshús til að komast í íslensku blöðin, hitta á landa og kannski taka inn næringu með á öðru formi en af blöðum. Jónshús sem fundarstaður, þ.e. salurinn hér, er mér einnig minnistæður í fjölmörg skipti en þó enginn fundur eins og sá sem ég átti með troðfullum sal af áhyggjufullum löndum í lok október 2008 af ástæðum sem ekki þarf að nefna.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég fá að þakka öllum þeim sem lagt hafa ómetanlegan skerf að mörkum til að glæða starfsemina í Jónshúsi lífi. Ég óska okkur öllum til hamingju með Jónshús á þessum tímamótum. Megi Jónshús og starfsemin hér halda áfram að dafna um ókomna tíð og ég treysti því að þeir sem fara með völdin á Alþingi á komandi árum og áratugum sjái til þess að Alþingi muni standa myndarlega að baki Jónshúss hér eftir sem hingað til.